

Nr. 045 / 15 Bjartur NK 121***Skipverji slasast við togveiðar***

Skipaskr.nr. 1278 IMO nr. 7237987
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24 m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. apríl 2015 var Bjartur NK 121 á togveiðum á Breiðdalsgrunni. Veður: SV 18-22 m/s og talsverður sjór.

Skipverjar voru að láta trollið fara en þegar verið var að lása bakstroffuna í sylgjuna slóst grandarinn í einn þeirra, sem staddur var í rennunni, með þeim afleiðingum að hann kastaðist út í bakborðssíðu. Hann fann m.a. til eymsla í hné og baki og fór í skoðun þegar í land var komið. Hann reyndist óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á veiðum í slæmu veðri og ólag kom á það sem varð þess valdandi að grandarinn kastaðist til;
- að skipstjóri sagðist hafa ætlað að beygja skipinu til stjórnborða, svo grandarinn færi ekki yfir, þegar ólagið kom;
- að vaktakerfi háseta var 8/8 en skipstjórnarmanna 12/12.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að skipið fékk á sig ólag.